

## 10. gr.

Brot á reglum þessum, sem settar eru skv. lögum nr. 28/1940 um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, sbr. og breytingu á þeim lögum nr. 72/1954, varða sektum eða varðhaldi, sbr. lög nr. 75/1982.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi reglur nr. 317/1987 um hreindýraveiðar árið 1987.

*Menntamálaráðuneytið, 19. júlí 1988.*

**Birgir Ísl. Gunnarsson.**

*Runólfur Þórarinnsson.*

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Siglufjarðar nr. 148  
18. mars 1982 með síðari breytingum.**

## 1. gr.

Staflíðir a-g í 3. gr. orðist svo:

- a) Fyrir þvottaplön sem rekin eru til þvotta á bifreiðum, t. d. í sambandi við eldsneytis-sölur, skal greiða kr. 48 000,00 á ári fyrir vatnsnotkun.
- b) Vatnsnotkun í steypu til mannvirkjagerðar og iðnaðar fyrir hver 100 kg sementsnotkun kr. 9,80.
- c) Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum skal greiða kr. 3,90 fyrir hverja slátraða sauðkind.
- d) Fyrir vatnsnotkun við síldarsöltun skal greiða 11,60 á hverja uppsaltaða tunnu síldar. Sama gjald skal vera fyrir hverja tunnu af söltuðum hrognum. Fyrir sjósaltaða síld sem lögð er á land til þökkunar og þæklunar skal greiða kr. 5,80 fyrir hverja útskipaða tunnu.
- e) Fyrir vatnsnotkun til bræðslu síldar, loðnu eða annars bræðslufisks skal greiða kr. 24,00 fyrir hvert landað tonn.
- f) Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 19,40 á hverja smálest af innvegnum fiski.
- g) Fyrir vatn til skipa skal greiða sem hér segir: Til fiskiskipa kr. 61,50 fyrir hverja smálest eða hluta úr smálest og skal lágmarksgjald vera kr. 615,00. Til annarra skipa kr. 81,00 fyrir hverja smálest og skal lágmarksgjald vera kr. 810,00.

Heimilt er að leggja á sérstakt afgreiðslugjald ef óskað er eftir að fá vatn afgreitt til skipa utan venjulegs dagvinnutíma.

Vatn til skipa skal staðgreiða nema um annað hafi verið samið fyrirfram. Skip sem fengið hefir vatn afhent má ekki að viðlögðum sektum fara úr höfn fyrr en vatnið er greitt eða um greiðslu hefir verið samið.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Siglufjarðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. júlí 1988.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*